



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Dreifing menningararfs

*Íslensk þjóðarsjálfsmynd, bókmenntir og þýðingar: Ísland sem
heiðursgestur
á bókamessunni í Frankfurt 2011*

Ritgerð til M.A.-prófs í hagnýtri ritstjórn og útgáfu

Davíð Kjartan Gestsson

Janúar 2010

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslensku- og menningardeild

Dreifing menningararfs

*Íslensk þjóðarsjálfsmynd, bókmenntir og þýðingar: Ísland sem
heiðursgestur
á bókamessunni í Frankfurt 2011*

Ritgerð til M.A.-prófs í hagnýtri ritstjórn og útgáfu

Davíð Kjartan Gestsson

Kt.: 060283-7109

Leiðbeinandi: Gunnþórunn Guðmundsdóttir

Janúar 2010

Ágrip

Ritgerð þessi er sprottin af heiðursþátttöku Íslendinga á bókamessunni í Frankfurt árið 2011 og starfsnámi undirritaðs hjá Frankfurtar-verkefnum um vor og sumar ársins 2009. Í fyrri hluta hennar er fjallað um þau bönd sem tengja íslenska þjóðarsjálfsmynd við bókmenntir þjóðarinnar og þá merkingu sem þær höfðu fyrir Íslendinga á rómantíska skeiðinu og í sjálfstæðisbaráttunni á 19. og 20. öld. Litið verður til þess hvernig „útrásin“ svokallaða nýtti sér orðræðu sjálfstæðisbaráttunnar og þjóðernisrómantíkur í markaðsetningu á íslenskri þjóð og „útrás“ menningar hennar. Í seinni hluta ritgerðarinnar er sýnt fram á hversu óviðeigandi það er að ræða um „útrás“ menningar, þá einkum í tengslum við bókmenntaþýðingar, með hliðsjón af kenningum ýmissa fræðimanna. Að lokum er sagt frá starfsnámi undirritaðs, sem ásamt ritgerðinni, var lokaverkefni í hagnýtri ritstjórn og útgáfu.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
I. Sögueyjan Ísland: Menningararfur og þjóðarsjálfsmynd	3
I.I. Útþensla eylands: Útrás menningararfs.....	8
II. <i>Verðandi</i> menningar: „Gerum kort en ekki afrit.“	14
II.I. Söguleiki þýðinga og flökkulíf	21
Niðurlag	26
Viðauki: Starfsnám hjá Frankfurtar-verkefninu	29
Heimildaskrá	31

Inngangur

Í fyrstu þekktu Íslandslýsingunni, skrifuð af Adam frá Brimum á 11. öld, segir að Íslendingar séu þjóð sem lifi afskaplega fábrotnu lífi á harðneskjulegri eyju, þar sem hvorki vex korn né trjágróður, umkringdri frosnu hafi. Þeir búi neðjanjarðar í holum, til varnar kuldunum, og deili híbýlum sínum glaðir með búfenaðinum sem þeir hafi lífsviðurværi sitt af. Líf eyjaskeggjanna sé erfitt, en þeir eru þrátt fyrir harðneskjulega tilveru hamingjusamir, una vel við það litla sem náttúran hefur upp á að bjóða og lifi einskonar kommúnulífi þar sem þeir deili eignum sínum jafnt með innfædum sem útlendingum. Verk Adams var byggt á eldri ritum og heimildum annarra, munnlegum eða skriflegum, sem hann aflaði sér meðan hann dvaldi við hirð Sveins Estríðarsonar Danakonungs. Sumarliði Ísleifsson bendir á í bók sinni *Ísland – Framandi land* að verkið sé áróðursrit, samið eftir ósk Adalberts erkibiskups, í þeim tilgangi að vekja athygli á árangursríkri útbreiðslu kristinnar trúar á norðlægum slóðum.¹ Þetta þótti vera mikið og athyglisvert afrek þar sem að almennt var litið svo á meðal menntaðra manna í suðri að íbúar á norðurhvara veraldar teldust varla vera manneskjur, en Adam bendir á hversu villt fólkið var áður en það tók upp kristna trú; það hafi verið mállaust og gníst tönnum eins og skepnur áður en það lærði að lofsyngja drottinn. Í ritinu er einfalt líf og siðferðislegur hreinleiki Íslendinga vegsamaður ásamt hollustu þeirra við biskupinn, þessum eiginleikum sem Adam ljær Íslendum er svo beitt gegn gjálífismönnum, fégráðugum og þeim sem voguðu sér að deila við höfðingja kristinnar kirkju.

Á árunum 1180 til 1200 samdi Saxi hinn málspaki *Danmerkurkróníku*, en í formála hennar var þekkingarþorsti og frásagnargleði Íslendinga upphafin. Líkt og í verki Adams frá Brimum þá spilar náttúran stórt hlutverk í lýsingunni, með henni útskýrir hann sagnafýsn þjóðarinnar þar sem ófrjósemi landsins valdi því að þeir gleppjst ekki til annars en að auðga andann. Sumarliði bendir á í áður nefndri bók að Saxi hafi, ólíkt Adam, fengið heimildir sínar beint frá Íslendingum.² Þessi rit Saxa og Adams frá Brimum áttu eftir að hafa mikil áhrif á ímynd Íslands utan landsteinanna næstu aldirnar, en í kjölfar þeirra fylgdu margvísleg verk þar sem Íslendingum er lýst sem frumstæðri þjóð náttúrubarna með sagnaarfinn í blóð borinn. Þessi ímynd loðir við Íslendinga enn þann dag í dag, þó nægjusemin sem Adam frá Brimum lýsti hafi borið hnekki undanfarin ár.

¹ Sumarliði Ísleifsson, *Ísland: Framandi land* (Reykjavík: Mál og menning, 1996), bls. 15-16.

² Sama rit, bls. 18.

Áður en orðið „útrás“ varð að fúkyrði voru sumir sem leiddu líkur að því að íslenskar bókmenntir væru elstar allra útrása Íslendinga.³ Þar er væntanlega átt við handrit Íslendinga sem vöktu áhuga danskra og sænskra fræðimanna undir lok 16. aldar og voru send frá Íslandi í von um að frásagnir sem í þeim væru að finna yrðu þýddar og gefnar út, en fjöldi handrita var fluttur úr landi og varðveittur í Danmörku og Svíþjóð fram á upphaf 20. aldar þegar Íslendingar hófu sjálfstæðisbaráttu sína. Saga þjóðarinnar og fortíð hennar varð að lykilatriði í baráttu hennar fyrir fullveldi og þegar heimastjórn var komið á fót árið 1904 varð krafan um að fá handritin aftur heim hávær. Bókmenntir Íslendinga spiluðu gríðarlega stórt hlutverk í þeirri þjóðarímynd sem smíðuð var í sjálfstæðisbaráttunni, og varð til þess að hugmyndin um *sögueyjuna* svokölluðu fæddist.

Í febrúar árið 2008 var tilkynnt að Ísland yrði heiðursgestur á bókamessunni í Frankfurt árið 2011. Þessum mikla heiðri var lýst sem „Einstöku tækifæri til útrásar fyrir íslenskar bókmenntir og menningu“ á alþjóðlegum bókamarkaði.⁴ Þetta eru að vissu leyti orð að sönnu því bókamessan í Frankfurt er gríðarstór bókakaupstefna, sú stærsta í heimi um þessar mundir, þar sem hundruðir þúsunda gesta og sýnenda koma saman til selja og kynna bækur. En hversu viðeigandi er það, eða var öllu heldur, að ræða um þetta tækifæri sem „útrás“? Er rétt að nota þetta orð um heiðursþátttöku Íslands á þessum stærsta bókamarkaði heims? Í ritgerðinni mun ég fjalla um þá þýðingu sem bókmenntir hafa haft fyrir íslenska þjóðarímynd frá rómantíska skeiðinu á 19. öld fram á okkar daga; það hlutverk sem Íslendingasögurnar spiluðu í þjóðfrelsisbaráttu Íslendinga, myndun þjóðarímynda um miðbik 20. aldarinnar og meðferð útrásarinnar sálugu á þessum þáttum sjálfstæðisbaráttunnar. Út frá þeirri umfjöllun mun ég taka til skoðunar ferli bókmenntaþýðinga með hliðsjón af kenningum Walter Benjamins og annarra fræðimanna; hvað það felur í sér þegar þessi helsti „menningararfur“ Íslendinga er þýddur yfir á önnur tungumál, og mun sýna fram á hversu illa orðið „útrás“ er til þess fallið að lýsa því ferli.

³ Sjá dóm um *Konungsbók* Arnaldar Indriðasonar:

<<http://www.ruv.is/heim/vefir/ras1/vidsja/gagnryni/store156/item139879/>>, síðast skoðað 16. des. 2009.

⁴ Sjá:

<http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2008/02/27/island_heidursgestur_bokakaupstefnunnar_i_frankfurt/>, síðast skoðað 16. des. 2009.

I. Sögueyjan Ísland: Menningararfur og þjóðarsjálfsmynd

Fyrstu tilraun Íslendinga til landkynningar má rekja aftur til 16. aldar þegar Arngrímur lærði Jónsson ritaði verkið *Brevis Commentarius de Islandia*, ritið er öðrum þæði varnarrit þar sem höfundinum þótti nóg um þann óhróður sem erlendir fræðimenn höfðu borið upp á íslenska þjóð í hinum ýmsu skrifum. Í verkinu lýsir Arngrímur landi og þjóð, og hafnar þeim gróusögum sem höfðu grasserað á erlendum vettvangi, svo sem þeirri tilgátu að helvíti sé að finna á Íslandi og sögum af siðleysi Íslendinga. Stærsta verk Arngríms er ritið *Crymogæa*, þar sem tekin er saman saga Íslendinga, tilgátur um uppruna þeirra (sem er nota bene rakinn alla leið til Palestínu), lýsingu á heiðnum siðum, stofnun þings og svo kristnitöku, með umfjöllun um Íslendingasögur ásamt útdráttum.

Brevis Commentarius og *Crymogæa* Arngríms fengu umtalsverða útbreiðslu utan landsteinanna og voru bæði ritin til að mynda þýdd á ensku. Rit Arngríms höfðu töluverð áhrif á erlenda umræðu um Ísland og Íslendinga og vöktu athygli skandínáviskra þjóða á þeim heimildum um norræna sögu sem var að finna á Íslandi.⁵ Um það leyti sem *Brevis Commentarius* fer í prentun eiga Danmörk og Svíþjóð í „sögustríði“ eins og Pétur Gunnarsson orðar það í ritgerð sinni „Ímynd Íslands“.⁶ Átökin milli þjóðanna stóðu um það hvor þeirra ætti tilkall til yfirráða og skattheimtu af hinni, en sú spurning valt á því hvor þeirra gæti rakið landsetu sína á Norðurlöndum lengra aftur í fortíðina. Upp rann fyrir stórþjóðunum sú staðreynd að á Íslandi mætti finna heimildir um forna sögu þeirra og Arngrími hlotnaðist það hlutverk að safna saman upplýsingum sem komið gætu Danmörku til góða í „sögustríðinu“ og koma þeim úr landi. Hér var komin upp atvinnugrein, bendir Pétur á, sem Íslendingar gátu haft drjúgar tekjur af.

„En hvaða þýðingu hafði saga Íslands fyrir Íslendinga sjálfa?“ spyr Pétur í greininni. Svo virðist vera að íslenskir menntamenn 17. og 18. aldar hafi ekki séð mikið gildi í Íslandssögunni, því heima fyrir sýndu Íslendingar víst ekki merki um mikla þjóðlega samstöðu fyrr en á 19. öld þegar rómantíska skeiðið hófst hér á landi og krafan um sjálfstæði varð til, þá virðist Íslandssagan fyrst öðlast gildi fyrir Íslendinga (sem eitthvað annað en möguleg tekjulind). Rök þjóðfrelshreyfingarinnar fyrir sjálfstæði Íslands voru sótt í sögur forfeðranna og varð hún að helsta drifkrafti í myndun þjóðernissjálfsmyndar Íslendinga á 19. og 20. öld. Íslendingar hófu að leita aftur til glæstrar fortíðar, gullaldar Íslendinga, sem náði

⁵ *Ísland: Framandi land*, bls. 44.

⁶ Pétur Gunnarsson, „Ímynd Íslands“, *Saga: Tímarit Sögufélags* 33 (1995), bls. 57-62, hér bls. 58.

frá þjóðveldisöld fram til ársins 1262, þegar landið féll undir yfirráð Noregskonungs, en á því tímabili átti menning Íslendinga að hafa risið sem hæst áður en niðurlægingartímabilið langa hófst.

Tungumálið sem lífræn heild og samþjöppun þjóðarinnar í kringum sameiginlegan arf eru þættir sem skipta meginmáli í myndun íslenskrar sjálfsmýndar á tímum sjálfstæðisbaráttunnar.⁷ Þrískipting sögunnar, í gullöld, niðurlægingartímabil og endurreisnartímabil, er eitt meginstefja goðmögnunar þjóðernisins sem fór eins og eldur í sinu um alla Evrópu fram til loka seinni heimsstyrjaldarinnar og er rakin til kenninga þýskra fræðimanna eins og Johann Gottlieb Fichtes og Johann Gottfried Herders frá 18. og 19. öld. Á Íslandi festust þessar hugmyndir í sessi frá aldamótunum 1900 en greina má vísi að upphafi þeirra fyrir á 19. öld:

Enn voru þeir, sem vörðu rökkrunum til að færa í letur eða frásagnir hvað hinir höfðust að og hvað til tíðinda hafði gjörst í landinu [...] og var sú dægradvöl hin farsælasta, því hvorki gátu illviðrin truflað hana, né heldur sundurþykkja snúið gleðinni í hryggð, – og hin æskilegasta fyrir hetjurnar, því þá var fyrst tilvinnandi að sýna hreysti, þegar hreystiverkið dó ekki með kappanum. Sömuleiðis var hún hin affaradrýgsta fyrir lönd og lýð, því úr henni urðu sögurnar; en þær hafa veitt okkur indæla skemmtun allt til þessa dags, og munu svo framvegis um margar aldir. Þær hafa áunnið Íslendingum langgæðan heiður hjá öllum betri þjóðum, og frelsað frá dauða eitthvert gerfilegasta mál. Hver sem les íslensku sögurnar með athygli, í honum verður að kvikna brennandi ást á ættjörð sinni, eða hann skilur þær ekki sem vera ber.⁸

Textabrot þetta er fengið úr inngangi fyrsta tölublaðs tímaritsins *Fjölnis*, og hér má greina upphaf þeirra breytinga sem urðu á þjóðernisviðmiði Íslendinga á öðrum fjórðungi 19. aldar (en sjá má að álit umheimsins á Íslandi skiptir þar nokkru máli). Ástráður Eysteinnsson bendir á í bókinni *Tvímæli* að strax í þessu fyrsta tölublaði Fjölnismanna megi sjá hvernig orðin er til öflug bókmenntasöguleg vél sem hafnar sögulegri miðlun.⁹ Tengsl sögunnar við sjálfstæðisbaráttuna komu í raun ekki að mestu af sjálfri sér, eins og sagnfræðingurinn Guðmundur Hálfðanarson hefur sagt,¹⁰ heldur fól hún í sér höfnun á sögulegri miðlun að mati Ástráðs. Rómantísk söguskoðun Íslendinga birti mynd sem gagnast gæti sjálfstæðisbaráttunni, það fól í sér ákveðna túlkun á sagnaarfinum þar sem fortíð Íslendinga var fegrud og gædd

⁷ Sigríður Matthíasdóttir, „Þjóðerni og karlmennska á Íslandi við upphaf 20. aldar“, *Þjóðerni í þúsund ár* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2003), bls. 119-132, bls. 119-120.

⁸ *Fjölnir*, 1. árg. (1835), bls. 2.

⁹ Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli: Þýðingar og bókmenntir* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1996), bls. 233.

¹⁰ Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk söguendurskoðun“, *Saga: Tímarit sögufélags* 33 (1995), bls. 62-67, hér bls. 63.

ljóma sem stappað gæti þjóðinni saman á leið hennar til sjálfstæðis, hvort sem hún ætti við rök að styðjast eða ekki. Sagnaritun sjálfstæðisbaráttunnar var áróðurssagnfræði, eins og Guðmundur Hálfðanarson hefur bent á, þar sem henni var stefnt að ákveðnu pólitísku markmiði.¹¹ Og hún virkaði sem skyldi, þar sem hörðustu andstæðingar sameinuðust um þetta sameiginlega markmið hvers þjóðrækins Íslendinga. En hér snúum við aftur að inngangi fyrsta tölublaðs *Fjölnis*:

Víst er um það: margt er annað sem minna mætti sérhvern Íslending á þessa ást, ef hann rennir augum sínum yfir grænu dalina með hlíðarnar kvikar af nautum og sauðum og hrossum, og lítur niður í lækina, himintæra, - laxa og silunga leika þar með sporðaköstum. Eyjarnar virðast oss ekki leiðinlegar þegar fiskurinn gengur uppí flæðarmál og fuglinn þekur sker og kletta. Himininn er heiður og fagur, loftið hreint og heilnæmt. Og sólin, þegar hún roðar á fjöll á sumardaga kvöldum, en reykirnir liggja beint í loftið upp – hvað þá er blítt og fallett í héröðunum!¹²

Höfundur inngangsins, en nafns hans er ekki getið, ítrekar að þessa glæstu mynd af náttúru Íslands megi finna í fornsögunum, en eins og Ástráður bendir á þá felur þessi sýn á sögurnar í sér vissa túlkun, eða þýðingu sem er mótuð að rómantískri orðræðu; þýðingu í þeim víða skilningi að hún sé ekki takmörkuð við flutning merkingar á milli tungumála heldur fer hún einnig fram innan tungumála í endurvinnslu sem felur það í sér að reynsla er gerð skiljanleg í öðru táknerfi.¹³ Í rómantískri orðræðu er mikilvægt að tungumálið birtist okkur sem „órofa eining, eiginlega sögu- og tímalaus heild,“ segir Ástráður. Orðræða rómantíkurinnar einkennist af þjóðernislegri nálægð, útpurrkun þess sem er á milli bókmenntaarfsins og landsins: „Fjallkonan fríð er látin faðma arfinn svo þétt að sér að ekki verður þar á milli komið nokkurri hugsun um sögulega fjarlægð eða menningarmæri [...]“¹⁴ Ástráður segir að fyrsta hefti *Fjölnis* sé staðfesting þess að nýtt stoðkerfi íslenskrar bókmenntavitundar sé í mótun, kerfi sem myndað er af samræðu milli valinna verka frá 13. og 19. öld.

Á rómantíska tímabilinu sjáum við hvernig menningin er hagnýtt með ákveðið markmið í huga; að sameina þjóðina í kringum miðlægan menningararf og að sanna það fyrir öðrum stærri þjóðum að Ísland stæði þeim jafnfætis. Möguleiki íslenskrar menningar til að dafna valt á sjálfstæði þjóðarinnar að mati þjóðernissinna. Á tímabilinu var menning Íslands ofin saman við tungumálið: „Með tungunni hefur sérstakt þjóðerni [...] og sérstök menning varveitst. Og með tungunni hefur einnig meðvitundin um sérstöðu landsins gagnvart

¹¹ Sama rit, bls. 65.

¹² *Fjölnir*, bls. 2-3.

¹³ *Tvímæli*, bls. 232.

¹⁴ Sama rit, bls. 233.

frændþjóðum vorum ávallt lifað með þjóðinni. Þessi atriði, sérstök tunga og sérstök menning, teljum vér skapa oss sögulegan og eðlilegan rétt til fullkomins sjálfstæðis.“¹⁵ Og til varð hin heilaga þrenning lands, þjóðar og tungu.

Ellefu árum eftir að fyrsta tölublað *Fjölnis* kom út hélt bókmenntafræðingurinn Grímur Thomsen fyrirlestur í Danmörku um stöðu íslenskrar menningar og bókmennta. Fyrirlesturinn er merkilegur, einkum fyrir þær sakir að í honum er nýlendan færð frá jaðrinum og að miðjunni, sem Ástráður greinir frá í bók sinni. Grímur sækir styrk íslensku þjóðarinnar í einangrunina, þar sem norræn menning gat þrífist óspillt af óæskilegum erlendum áhrifum og varðveitt einfaldleika og þjóðlegan frómleik á meðan Evrópa er „grá orðin af menningarofvexti“.¹⁶ Í lokaorðum fyrirlestrarins segir Grímur að: „Það er náttúrulegast að móðirin gefi sjálf börnum sínum brjóst í stað þess að láta þau í hendur þýzkum eða frönskum fóstrum, þar sem þau hljóta annarlega næringu og sjúga einnig í sig erlenda lesti og galla.“¹⁷ Eins og Ástráður bendir á þá á þarna sér stað ansi merkileg tilfærsla Íslands innan norrænnar menningar, þar sem danska nýlendan er komin í móðurhlutverk skandinavískra þjóða. Ástráður tengir þetta sjónarhorn sem Grímur tekur sér við rit Sigurðar Nordals *Íslensk menning* sem gefið var út rúmri öld síðar, árið 1942, en í því má sjá ákveðna útfærslu á því viðhorfi sem birtist í fyrirlestrinum og sýnir hvernig þjóðernisleg viðhorf hafa styrkst til muna á þeim tíma sem leið á milli. Sigurður lætur sig dreyma um heimsveldið Ísland, þar sem hann telur það ekki vera óhugsandi að Íslendingar hefðu getað numið Ameríku „til frambúðar handa norrænum kynstofni og fyrir norræna tungu.“¹⁸ Hér má greina eftirtektarverða útpenslutilburði þáverandi nýlendunnar Íslands, einkum ef litið er til útrásartímabilsins umtalaða rúmum sextíu árum síðar, en Sigurður segir í bókinni að „Sagan um viðgang Bretaveldis sýnir, að oftast hafa einstaklingar eða einkafyrirtæki rutt brautina, en ríkisvaldið komið seinna til skjalanna og heimsvaldastefnan fremur orðið afleiðing en undanfari landkönnunar, landnáms og landvinninga.“¹⁹ Sem færir þessa ritgerð nær nútímanum og að íslensku viðskiptaútrásinni, því hvað var hún annað en framhald af þessum hjákátlegu heimsveldisórum fyrrum nýlendu?

¹⁵ Tilvitnun fengin úr „Íslensk söguendurskoðun“, eftir Guðmund Hálfðanarson, bls. 63.

¹⁶ Athyglisvert er að skoða þessa fullyrðingu í samhengi við grein Jóns Yngva Jóhannesarsonar „„Jøklens Stormsvalde den kulturtrætte Danmarks Pande“: Um fyrstu viðtökur dansk-íslenskra bókmennta í Danmörku“, *Skírnir* 147 (vor 2001), bls. 33-67. Í henni er greint frá viðtökum fjögurra íslenskra rithöfunda í Danmörku sem skrifuðu allir á dönsku en verk þeirra þóttu bera með sér þau sterku tengsl sem Íslendingar áttu að hafa við fornorræna menningu og íslenska náttúru.

Tilvitnun í Grím Thomsen fengin úr *Tvímæli*, bls. 235.

¹⁷ *Tvímæli*, bls. 236

¹⁸ Tilvitnun fengin úr *Tvímæli*, bls. 237

¹⁹ Tilvitnun fengin úr *Tvímæli*, bls. 237

I.I Útþensla eylands: Útrás menningararfsins

Síðustu áratugi hefur farið fram það það sem kallað hefur verið söguendurskoðun á sviði íslenskra sagnfræðirannsókna, þar sem söguskoðun rómantíkurinnar og sjálfstæðisbaráttunnar hefur verið krufin og gagnrýnd í krafti sögulegrar fjarlægðar og breyttra áherslna undir áhrifum frá alþjóðlegri sagnfræði. Í stað heilsteyprar og línulegrar sýnar á Íslandssöguna hefur umræða undanfarinna áratuga einkennst af heilbrigðri gagnrýni á sögu þjóðarinnar, ólíkt þeirri pólitísku eindrægni sem mótaði söguskoðun íslenskrar sagnfræði í sjálfstæðisbaráttunni og fram eftir. Eins og Guðmundur Hálfðánarson hefur bent á þá myndar þessi endurskoðun Íslandssögunnar ekki sérstaka heild eða eitt sameiginlegt markmið, þar sem ekki er um að ræða meðvitaða hreyfingu fræðimanna lengur. En þó bera umræður sagnfræðinga undanfarinna áratuga eitt sameiginlegt einkenni, það sem Guðmundur kallar „uppreisn gegn einingarsögu sjálfstæðisbaráttunnar – það er að segja mjög ákveðin tilhneiging sagnfræðinga til að túlka íslenska sögu ekki sem þungan og einhuga straum í átt að frelsinu, heldur sem togstreitu hagsmuna og hugmynda.“²⁰

Útrásin, hugmyndafræði hennar og orðræða, sótti viðmið sín í þjóðernislega upphafningu sjálfstæðisbaráttunnar. Þegar um er að ræða markaðssetningu þjóðar á alþjóðavettvangi stoðar sjálfsgagnrýni og togstreita flókinna sjónarmiða lítið. „Vörumerkið Ísland“ var myndað úr þáttum sem haldið var á lofti í sjálfstæðisbaráttunni: Hrein náttúra, frelsi og sérstæð menning, sem sameinuðust í náttúrulegum yfirburðum þjóðarinnar á sviði viðskipta. Heimsveldisdraumar Sigurðar Nordals endurómuðu í markmiðum viðskiptaútrásarinnar og frásagnir fornsagnanna af víkingum sem lögðu ókunn lönd undir fót og létu greipar sópa voru látnar styðja við markmið hennar. Útrásin fylgdi þröngri túlkun á sögu og menningu þjóðarinnar, líkt og rómantíkin og þjóðfrelsinhreyfingin höfðu áður gert, í átt að settu markmiði, en þessi túlkun fól í sér höfnun á sögulegri miðlun.

Ímyndarskýrsla Forsætisráðuneytisins vakti mikið umtal og gagnrýni þegar hún var birt í mars 2008, hálfu ári fyrir efnahagshrunið, en í henni má greina helstu einkenni orðræðu útrásarinnar.²¹ Ríkisskipaðri nefnd helstu forkólfa íslensks viðskiptalífs var sett það markmið að beina ímyndarsköpun þjóðarinnar í réttan farveg sem skapa myndi jákvæða ímynd, eða „viðskiptavild, sem laðar að fólk, fjármagn og hugmyndir og er efnahagslífi þjóðar

²⁰ „Íslensk söguendurskoðun“, bls. 66.

²¹ *Ímynd Íslands: Styrkur, staða og stefna* (Reykjavík: Forsætisráðuneytið, 2008), <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/Forsaetisr_arsskyrsla_END2.pdf>, síðast skoðað 16. des, 2009.

nauðsynleg.“²² Í skýrslunni er rætt um „náttúrulegan kraft“ Íslendinga sem greinir þá að frá öðrum þjóðum heims og endurspeglar í velgengni þeirra í alþjóðlegu viðskiptalífi. Skapgerð þjóðarinnar er tengd náttúrunni þar sem „Óbeisluð náttúruöflin eiga sér líka hliðstæðu í agaleysi og oft og tíðum djarfri og óútreiknanlegri hegðun Íslendinga,“, en það eru eiginleikar sem „ber að nýta.“²³ Ímyndarsköpun sem ber árangur þarf „að byggja á einkennum lands og þjóðar sem eru sönn eða „ekta“ og eiga sér djúpar rætur“ segir í skýrslunni, og uppruni þjóðarinnar er ein af undirstöðum jákvæðrar ímyndar landsins:

Fyrstu Íslendingarnir voru fólk sem kom hingað í leit að frelsi og betri lífsskilyrðum. Þjóðin bjó lengstum við kröpp kjör en þegar hún fékk frelsi og sjálfstæði tók hún stökk frá því að vera þróunarland til þess að verða ein ríkasta þjóð í heimi á innan við öld. Íslendingar eru dugleg og stolt þjóð, mótuð af lífsbaráttu í harðbýlu landi. Mikilvægasti menningararfur Íslendinga, íslensk tunga, lifir í máli þjóðarinnar og í bókmenntum hennar.²⁴

Þessi sýn á sögu Íslendinga er á skjön við áðurnefnda söguendurskoðun undanfarinna áratuga og sver sig frekar í ætt við pólitískt hlaðna söguskoðun sjálfstæðisbaráttunnar, eins og kemur fram í bréfi Sagnfræðingafélags Íslands sem sent var þáverandi forsætisráðherra og formanns nefndarinnar, Svöfu Grönfeldt, eftir birtingu skýrslunnar og vísaði til þeirra sagnfræðirannsókna sem höfðu farið fram síðastliðinna 30-35 ár.²⁵

Ímyndarsköpun útrásarinnar tók upp á sína arma áróðursagnfræði sjálfstæðisbaráttunnar til að markaðsetja þjóðina á alþjóðlegum vettvangi. Skýrslan er eftirtektarvert dæmi um þann *menningariðnað* sem hefur undanfarin ár verið í mótun hér á landi, oft kallaður „menningartengd ferðapjónusta“. Í skýrslunni er sjónum beint nokkrum sinnum að íslenskri menningu, og því hlutverki sem listamenn gætu þjónað í myndun „viðskiptavildar“ þjóðarinnar:

Talið er að ein árangursríkasta markaðsleiðin í dag sé í gegnum jákvæðar árangurssögur. En talið er að saga, sem er sannfærandi og sérstök, sé ein besta kynning sem völ er á í því auglýsinga- og kynningarflóði sem á sér stað. Ein leið væri að byggja upp sögur af árangri íslenskra fyrirtækja og einstaklinga á öllum sviðum athafnalífsins, menningar, lista og viðskipta. Hér þarf að nýta ljóðskáld, rithöfunda, ljósmyndara og hljóðmenn til þess að koma sögunum á sannfærandi hátt til skila.²⁶

²² Sama rit, bls. 4.

²³ Sama rit, bls. 84.

²⁴ Sama rit, bls. 25.

²⁵ Sjá: <<http://www.sagnfraedingafelag.net/2008/06/12/11.34.26/>>, síðast skoðað 16. des. 2009.

²⁶ *Ímynd Íslands*, bls. 37.

Hugtakið *menningariðnaður* er fengið úr skrifum þýsku menningarfræðinganna Theodor Adorno og Max Horkheimer, en í einni þekktustu grein þeirra „Menningariðnaðurinn: Upplýsing sem múgsefjun“ eru dregnar upp línur milli þriðja ríkis nasista og kapítalískrar menningarframleiðslu Bandaríkjanna.²⁷ Menningariðnaðurinn byggist á straumlínulögun og stöðlun menningarframleiðslunnar þar sem rennsli iðnaðarins og vélrænnar framleiðslunnar verður að halda ótruflað áfram, en iðnaðurinn útilokar allt það sem á einhvern hátt truflar neysluna. Menningarafurðir hans eru söluvarningur og markaðshlutföllin verða að megininntaki menningar. Verkin sem slík þjóna eingöngu framleiðslunni og eftirspurninni en við það tapar listin gagnrýnu hlutverki sínu. Hliðstæðurnar milli ímyndarskýrslunnar og menningartengdrar ferðabjónustu hér á landi og iðnaðarins sem um ræðir í grein Adornos og Horkheimers eru margar, þar sem leitast er við að miðstýra menningunni og áherslan er lögð á notagildi hennar; til þess að skapa „viðskiptavild“ og „jákvæðar árangurssögur“.

Menningariðnaðurinn hverfist um forræði markaðarins og áróðursmaskína hans, en sökum smæðar innlends markaðar er nauðsynlegt fyrir íslenska menningariðnaðinn að leita utan landsteinanna og lokka til landsins erlent fjármagn. Til þess að það heppnist þarf að útbúa menningarstaðla, sem straumlínulaga framleiðslu íslenskrar menningar og heldur við þeirri ímynd sem rennur auðveldlega ofan í neytendur hennar, en um leið er nauðsynlegt að draga fram það sem sker íslenskar menningarafurðir út frá öðrum vörum á alþjóðamarkaðinum: „[...] nauðsynlegt [er] að draga fram það sérkenni sem aðgreinir Ísland og Íslendinga frá öðrum þjóðum og aðrir geta ekki svo auðveldlega gert tilkall til.“²⁸ Því sérstaða selur.

Ímyndarsköpun útrásarinnar leitaðist við að draga fram þau menningarlegu atriði sem gagnast gætu markaðssjónarmiðum hennar á kostnað lifandi, gagnrýnnar listsköpunar.

Auður Ólafsdóttir gagnrýndi skýrsluna í greininni „Sagan, menningararfurinn og hin ýmsu sjálf Íslendingins“.²⁹ Í henni er litið til þess hvernig íslenskir samtímalistamenn hafa krufið íslenskt samfélag, menningararfinn og ímynd þjóðarinnar, og sýnt er fram á að áherslur listamanna eru töluvert frábrugðnar þeirri einsleitu þjóðarímynd sem dregin er upp í skýrslunni. Í þeim fjölmörgu verkum sem Auður tekur til skoðunar má sjá að sjálfsmýnd þjóðarinnar er margbrotin, samsett úr þversagnakenndum þáttum og undirorpin stöðugum breytingum, en hún bendir á að meginþorri íslenskrar listsköpunar væri í raun skaðlegur þeirri miðstýrðu ímynd sem nefndin hyggst móta: „ekki ósvipað og hvalskurður eða ísbjarnardráp

²⁷ Max Horkheimer og Theodor Adorno, „Menningariðnaður: Upplýsing sem múgsefjun“, *Heimur kvikmyndanna*, þýð. Benedikt Hjartarson, ritstj. Guðni Elísson (Reykjavík: Forlagið, 1999), bls. 234-271.

²⁸ *Ímynd Íslands*, bls. 5.

²⁹ Auður A. Ólafsdóttir, „Ímynd Íslands, sagan menningararfurinn og hin ýmsu sjálf Íslendingins. Þjóðarsál íslenskrar samtímalistar“, *Saga: Tímarit Sögufélags* 46:2 (2008), bls. 56-85.

fyrir opnum tjöldum.“³⁰ Auður víkur að því að íslenskur veruleiki hafi sennilega aldrei verið flóknari, að mörkin milli „okkar“ og „hinna“ séu ekki jafn afdráttarlaus og áður. Þetta er ástand sem orðið hefur sífellt meira áberandi í því ferli hnattvæðingar sem einkennt hefur undanfarna áratugi með auðveldari samskiptum milli þjóða og auknum fólksflutningum. Fjarlægð og landamæri hafa fallið saman eftir þá samskiptabyltingu sem orðið hefur vegna tækninýjunga liðinna ára, en Guðmundur Hálfðanarson hefur bent á að slíkar róttækar breytingar hafa óumdeilanlega gríðarleg áhrif á þjóðmenningu; illa gengur að viðhalda þeirri skoðun, eða ímyndun, að menning hverrar þjóðar er sérstök og sker sig úr frá menningum annarra þjóða, en á sama tíma sé hún lík innbyrðis.³¹ Aukin áhersla á alþjóðleg viðskipti er auk þess einn af fylgifiskum hnattvæðingarinnar en eins og Guðmundur bendir á þá vinnur hún gegn samkennd og samstöðu þjóða þar sem fyrirtækjum er frjálst að flytja sig á milli staða í leit að auknum arði á meðan stór hluti fólks er bundið ákveðnum stað. Hinn frjálsi markaður hefur því þau áhrif að þjóðfélagsleg ábyrgð fyrirtækja verður lítil sem engin.³² Þetta þversagnakennda eðli hnattvæðingarinnar afhjúpast að vissu leyti í ímyndarskýrslunni, þar sem sjá má augljósa tilraun til að þjappa saman völdum eða tilbúnum þjóðareinkennum í söluvænlegan pakka, sem um leið nýtur sérstöðu á alþjóðamarkaði, en stendur á skjön við heilbrigt hlutverk listsköpunar hverrar þjóðar, og dregur í raun fram brotkennt ástand þjóðmenningar.

Hugtakið *menningararfur* hefur verið áberandi í fræðilegri umræðu hér á landi undanfarin ár, þá oft í tengslum við annað hugtak, *fjölmenningu*, vafalaust vegna þeirra áhrifa sem hnattvæðingin hefur haft á þjóðina og menningu hennar. Hugmyndin um íslenskan menningararf er nátengd áherslum þjóðernisrómantíkur sjálfstæðisbaráttunnar, það er fornbókmenntum Íslendinga frá gullöldinni svokölluðu og sérstæðni íslenskrar tungu, sem áður hefur verið vikið að hér í ritgerðinni. Sagnfræðingurinn Ólafur Rastrick ræddi um þessi hugtök í erindi sem flutt var á Þriðja íslenska söguþinginu í maí 2006, þar sem hann benti á hvernig orðræðan um fjölmenningsstefnu á Íslandi hefur mótast af hugmyndinni um menningararfinn sem „frysta innistæðu“.³³ Hugtakið *menningararfur* eins og því hefur verið beitt er vissulega illfært um að halda utan um allt það sem það reynir að fanga, en Ólafur segir í erindinu að „Menningararfur er eitt af þessum hugtökum sem hafa tilhneigingu til að

³⁰ Sama rit, bls. 59

³¹ Guðmundur hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið – Uppruni og endimörk* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2001), bls. 229

³² Sama rit, bls. 231

³³ Ólafur Rastrick, „Menningararfur í fjölmenningsarsamfélagi: Einsleitni, fjölhyggja, tvíbendni“, *Þriðja íslenska söguþingið 18.-21. maí 2006*, ritstj. Benedikt Eypórrsson og Hrafnkell Lárusson (Reykjavík: Aðstandendur Þriðja íslenska söguþingsins, 2007), bls. 333-341, hér bls. 333.

smeygja sér undan skilgreiningum. [...] Hugtakið hefur þanist eða þynnst til að taka til alls og ekki neins.³⁴ Hér er í rauninni ekki rétt að segja að hugtakið komist á einhvern hátt undan skilgreiningum, eða búi yfir sveigjanleika, frekar mætti líta svo á að það er of stíft fyrir, takmarkandi og trúnað til að hafa hemil á síbreytilegu þjóðfélagi og menningu þess, enda kemst hann að þeirri niðurstöðu að á tímum sem þessum þá getur menning verið „ósnyrtilegt og stundum subbulegt svið þar sem hlutir blandast sitt á hvað og hið nýja og breytta er ætíð á dagskrá.“³⁵ Það er ekki frjótt að líta á menningu þjóðar sem „erfðagóss“ eins og Ólafur segir, heldur er hún stöðugt í mótn og þróast í gegnum samræður og víxlverkun ólíkra radda. Hér er vert að líta til menningarfræðingsins Stuarts Hall en hann hefur bent á nauðsynlegt sé að líta á sjálfsm myndir sem verk í vinnslu, þær eru aldrei einhliða og heilsteyptar, hvað þá á umbrotatímum sem þessum þar sem brotakernt ástand þeirra verður sífellt meira áberandi. Hall segir það nauðsynlegt að umræðan um sjálfsm myndir taki mið af þeim róttæku breytingum sem hafa orðið á menningum þjóða undanfarna áratugi í tengslum við hnattvæðinguna sem hefur komið róti á staðbundna eiginleika þjóðmenningar á afdrifaríkan hátt.³⁶ Þrátt fyrir að hugmyndin um sjálfsm myndir dragi oftast en ekki upp mynd sem hverfist um einhvers konar miðlægan uppruna eða rætur, þá snúast þær í raun um hlutverk sögunnar, tungumáls og menningar í ferli sem stuðlar að þróun, eða *verðandi* samfélaga, sem snýst ekki um að snúa aftur til fortíðarinnar heldur að sættast við upprunann: „Sjálfsm myndir eru þar af leiðandi myndaðar innra með, ekki utan framsetningarinnar. Þær tengjast uppfinningu hefðarinnar á sama hátt og hefðinni sjálfri, sem þær skuldbinda sig til að lesa, ekki sem endalause endurtekningu, heldur sem ‚umskiptingu hins sama‘: ekki að snúa aftur til rötanna, heldur að sættast við leiðir okkar [hér teflir Hall saman ensku orðunum ‚roots‘ og ‚routes‘]“.³⁷

Í febrúarmánuði ársins 2008 tilkynnti Menntamálaráðuneytið að Ísland yrði heiðursgestur á bókamessunni í Frankfurt árið 2011. Skýjaborg útrásarinnar hafði þá ekki gufað upp og ber orðalag tilkynningarinnar dóm af því, þar sem væntanlegri þátttöku Íslands er lýst sem einstöku „tækifæri til útrásar fyrir íslenskar bókmenntir og menningu“, sem sagt útrás okkar helsta menningararfs.³⁸ En hversu viðeigandi er það að lýsa þessu mikilvæga verkefni með orðinu „útrás“? Í orðinu, eins og því var fleygt fram og aftur þau ár sem ákveðinn hópur Íslendinga stóð í stórræðum á alþjóðamarkaði, það er í tengslum við

³⁴ Sama rit, bls. 333-334.

³⁵ Sama rit, bls. 340.

³⁶ Stuart Hall, „Who needs Identity?“, *Questions of Cultural Identity*, ritstj. Stuart Hall og Paul Du Gay (London: Sage Publications, 1996), bls. 1-17, hér bls. 4.

³⁷ Sama rit, bls. 4: „Identities are therefore constituted within, not outside representation. They relate to the invention of tradition as much as to tradition itself, which they oblige to read not as an endless reiteration but as ‘the changing same’: not the so-called return to roots but a coming-to-terms-with our ‘routes’“.

³⁸ Sjá: < <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/4431>>, síðast skoðað 16. des. 2009.

peningabrölt „útrásarvíkinganna“ svokölluðu, er fólgin árárhneigð, hernaður og yfirgangssemi, allt saman sjónarmið sem eiga lítið skilið við það ferli sem á sér stað þegar bókmenntir eru þýddar yfir á önnur mál. Þýðingar byggja á samræðum milli tveggja ólíkra kerfa, málamiðlunum og myndun tenginga á milli ólíkra menningarheima. Þar á sér stað dreifing menningar frekar en bein lína útrásar, en hernaðarmyndhverfingar eiga, eins og gefur að skilja, ekki vel við í því samhengi.

II. *Verðandi* menningar: „Gerum kort en ekki afrit.“

Walter Benjamin segir í ritgerðinni „Verkefni þýðandans“ að í þýðingum „öðlast líf frumtextans sína síendurnýjuðu, seinustu og víðtækustu útbreiðslu.“³⁹ Í þessari ritgerð, sem gefin var út árið 1923 sem formáli að þýðingu hans á ljóðum Baudelaires, voru þýðingar færðar á háleitara svið en áður hafði þekkt í fræðilegri umræðu. Áhrif ritgerðarinnar á þýðingafraði verða seint vanmetin, en með henni varð til frjór grundvöllur fyrir umræðu um eðli þýðinga þar sem litið er á hlutverk þeirra sem annað og meira en einfalda línulega yfirfærslu merkingar frumtextans yfir í annað tungumál markttextans. Í þessari stuttu, en margbrotnu og flóknu ritgerð, má greina þær hugmyndir sem póstmódernistar og póststrúkúralistar tóku upp á sína arma um sjöunda áratug síðustu aldar, en í henni má greina vísi að aðferðarfræði afbyggingarinnar þar sem efast er um staðfestu merkingar og óbrigðuls sannleika; hvernig merking tungumálsins er sífellt á reiki og utan seilingar, sem sagt frestað, sem endurspeglast í því ósamræmi og mótsögnum sem birtast stöðugt í því.

Framhaldslíf bókmenntaverks er háð þýðingu að mati Benjamins, á þann hátt stígur þýðingin framúr frumverkinu, þar sem að hún er ávallt seinna á ferðinni en frumtextinn og því nær samtímanum heldur en honum er mögulegt, hún er jafnframt „vettvangur framhaldslífs“ hans (187). Hér komum við að lífi bókmenntanna, útbreiðslu þeirra og endurnýjun lífdaga í þýðingum. Þýðingar koma bókmenntum á hreyfingu, en framhaldslíf þeirra er háð því að þær standi ekki í stað heldur flakki úr einu tungumáli yfir í annað, frá einum menningarheimi yfir í annan. Benjamin lítur svo á að tungumál séu ekki framandi hvert öðru, þvert á móti eru þau skyld, hvað sem sögulegu samhengi þeirra líður. Þessi hugmynd hafði áður birst í ritgerð hans „Um mál almennt og mál mannsins“, skrifuð árið 1916 en birtist ekki á prenti meðan Benjamin lifði, en í ritgerðinni leggur hann grundvöllinn að þeim hugmyndum sem síðar áttu eftir að birtast í umræddri ritgerð um verkefni þýðandans.⁴⁰ Vegna þess krafts og víðfeðmis sem hugtakið þýðing felur í sér telur Benjamin að nauðsynlegt sé að grundvalla það á dýpsta lagi málspekinnar, það er ekki hægt að afgreiða það eftir á eins og stundum er gert. Benjamin lítur svo á að þýðanleiki mála sé mögulegur vegna þess að innra með þeim megi finna spor allra tungumála: „Það nær sinni fullu merkingu í þeirri innsýn að sérhvert æðra mál (nema orð Guðs) megi líta á sem þýðingu á öllum öðrum. Með áður nefndu sambandi mála, sem

³⁹ Walter Benjamin, „Verkefni þýðandans“, *Fagurfræði og miðlun*, þýð. Ástráður Eysteinnsson (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008), bls. 185-201, hér bls. 188. Héðan í frá verður vísað til þessa rits með blaðsíðutali innan sviga í meginmáli.

⁴⁰ „Um mál almennt og um mál mannsins“, *Fagurfræði og miðlun*, bls. 153-173. Héðan í frá verður vísað til þessa rits með blaðsíðutali innan sviga í meginmáli.

mispéttra miðla, verður til þýðanleiki milli mála.“ (165). Þýðingar ganga ekki í gegnum óhlutbundin svið samsvörunar og líkinga, sem sagt eftirlíkingu eða mimesis, heldur í gegnum samfellda röð ummyndana segir Benjamin. Í ritgerðinni heldur hann því einnig fram að málið, um leið og það feli í sér miðlun hins miðlanlega, þá er það táknmynd hins ómiðlanlega, en þetta mótsagnakennda eðli tungumála dregst fram í þýðingum að mati Benjamins; þýðanleiki þeirra og um leið óþýðanleiki.

Fræg er myndlíking Benjamins um amfórana í „Verkefni þýðandans“, þar sem hann fellir þýðingar að mynd brotinnar könnu, sem setja þarf aftur saman svo hún myndi á ný einhvers konar heild:

Rétt eins og glerflísar úr könnu verða að fylgja hver annarri í minnstu smáatriðum svo fella megi þær saman, án þess að vera hver annarri líkar, þannig verður þýðingin, í stað þess að reyna að líkjast merkingu frumtextans, fremur að laga sig ástúðlega í eigin tungumáli að merkingarhætti hans, þannig að hægt verði að bera kennsl á þau bæði sem brot úr stærra tungumáli, eins og glerflísarnar eru brot úr einni könnu. (196)

Um leið og þýðingar draga fram mismun tungumála, gjána sem skilur þjóðir að, þá koma í ljós þau undirliggjandi tengsl sem liggja á milli þeirra allra, eins konar vísir að heild. Sönn þýðing, að mati Benjamins, hylur ekki frumtextann, fellir ekki skugga yfir hann, heldur hleypir „birtu í gegn“. Þýðingar verða hér í höndum Benjamins að skapandi ferli sem dregur fram þróun eða *verðandi* tungumálanna:

Auk skilaboðanna býr í öllu tungumáli og yrðingum þess eitthvað sem ekki verður komið til skila, eitthvað táknaði eða táknað, allt eftir því samhengi sem það fyrirfinnst í. Táknandi einungis í endanlegum yrðingum tungumálsins; en táknað hinsvegar í verðandi tungumálanna sjálfra. Og það sem leitast við að tjá sig, raungera sig, í verðandi tungumálanna, það er umræddur kjarni hins hreina máls. (197-8)

Því tungumál þróast, breytast og skipta um tón, og merking skáldverkanna um leið, segir hann. Þetta er hinn verðandi eiginleiki tungumáls og listsköpunar, og hér komum við að guðspeki Benjamins eins og hún birtist í ritgerðinni: Hið hreina mál er þetta undirliggjandi samband allra tungumála sem *verðandi* þeirra miðar að; heildrænum innbyrðis samskiptum fólks og hluta, hið ómögulega markmið sem er ávallt utan seilingar. Hið hreina mál er einhvers konar endanleiki tungumála, takmark þeirra allra sem opinberast að einhverju leyti í þýðingum, í þeim greinir Benjamin vísi að hinu guðdómlega tungumáli sem Adam og Eva höfðu tök á fyrir syndafallið, þar sem tákn og táknið voru eitt en ekki aðskilin. Líf bókmennta er háð

þýðingum, segir Benjamin, en í því framhaldslífi sem þeim hlotnast, sökum þýðinga, afhjúpast áður ósýnilegar hliðar þeirra.

Heimspekingurinn Jacques Derrida tekur til umfjöllunar „Verkefni þýðandans“ í greininni „Um turna Babel“.⁴¹ Líkt og nafnið gefur til kynna er Derrida hér á biblíuslóðum, eins og Benjamin í fyrrnefndum greinum. Hann hefur greinina á því að fjalla um margræðni tungumálsins með hliðsjón af sögunni um Babelsturninn, þar sem Drottinn sundrar samfellu hins eina tungumáls, ruglar tungum manna og kemur í veg fyrir innbyrðis skilning og samskipti þeirra á milli. Glundroðinn sem skapast við þennan rugling túlkar Derrida sem upphaf tungumálanna og „margbreytni þeirra, með öðrum orðum þess sem almennt kallast móðurmál.“ (183). Fjölbreytni tungumála og þjóða er í þessum skilningi afleiðing afbyggingar Guðs. Ruglingurinn er refsing hans fyrir útpenslu hins semíska kynstofns, en ætlunin með byggingu turnsins var að tryggja útbreiðslu einnar tungu, einnar menningar um allan heim, það sem Derrida kallar „altæka ættarframrás“ (185). Guð afbyggir, segir Derrida, með tvístrun turnsins, tvístrun tungunnar í tungur. Þetta fyrirtæki, bygging turnsins, les hann einnig sem yfirgang herraþjóðar þar sem þjóðtunga hennar er gerð algild en á sama tíma sem „friðsamlega eindrægni hins mannlega samfélags.“ (bls. 189). Guð spillir hinni skynsamlegu eindrægni og gerir að engu tungumálatengda heimsvaldastefnu; valdi einnar þjóðar yfir altækri skynsemi er eytt. Refsingin skapar nauðsyn fyrir þýðingum en um leið er hún forboðin, segir Derrida. Mótsagnakennt eðli þýðinga er hér dregið fram, þar sem þýðingin verður að kvöð sem er í senn fyrirmunað að takast ætlunarverk sitt; hún er ómöguleg nauðsyn. Þetta er skuld þýðandans segir Derrida og hér hefur hann umfjöllun sína um „Verkefni þýðandans“.

Derrida bendir á að titill greinar Benjamins á frummáli sínu er margræðari heldur en gefur til kynna í íslenskri þýðingu. Á frummálinu er titill hennar „Die Aufgabe des Übersetzers“, en orðið „Aufgabe“ felur ekki einungis í sér merkinguna „verkefni“ heldur einnig „skuld“. Derrida les grein Benjamins útfrá þessari mögulegu skuld, en spyr um leið er það er sem þýðingin skuldbindur. Hann kemst að því að þýðandinn er ekki skuldugur til að afrita frumtextann, útbúa góða eftirmynd. Skuldin bindur þýðandann ekki til að tryggja staðgöngu frumtextans: „hann, hinn afkomandi, er sjálfur á leið gegnum umbreytingarferli. Frumtextinn gefur sig við að breytast, þessi gjöf er ekki á gefnum hlut, hún lifir og kemst af við umbreytingu“ (196). Þessi skuld þýðingarinnar bindur ekki lifandi einstaklinga segir Derrida, heldur „nöfn á jaðri tungunnar eða, strangar tiltekið, hin semjandi drög þeirra tengsla

⁴¹ Jacques Derrida, „Um turna Babels“, þýð. Jóna Dóra Óskarsdóttir, *Ritið* 3/2004, bls. 181-216. Héðan í frá verður vísað til þessa rits með blaðsíðutali innan sviga í meginmáli.

sem liggja milli téðs lifandi einstaklings og nafns hans, þar sem það heldur sig á jaðri tungunnar.“ (198). Hann kemst að þeirri niðurstöðu að þýðingar leitist ekki við að flytja ákveðið innihald, hlutverk þeirra er í raun ekki að miðla ákveðinni merkingu heldur að „*endur-marka* venslin milli tungumálanna, að sýna sinn eigin möguleika.“ (200). Þýðingar varpa ljósi á skort frumtextans að mati Derrida, þar sem glufurnar á milli brotanna sem fyrirmunna heildina verða sýnilegar:

Fyrst þýðandinn hvorki endurgerir né skapar eftimynd af frumtextanum þýðir það að sá hinn sami kemst af og umbreytist. Þýðingin verður að sönnu skeið í hans eigin vexti, hann fullgerist í henni og stækkar *úr því*. En nú er nauðsynlegt að af vexti (og það er í þessu samhengi sem „sæðisrökfærslan“ hlýtur að hafa læðst að Benjamin) spretti ekki hvaða form sem er í hvaða átt sem er. Vöxtur verður að fullgera, fylla, gera heilt...Og ef frumtextinn kallar á uppbót, er það vegna þess að hann var, við upphafi, ekki gallalaus, heill, fullbúinn, alger, samur sér. Allt frá upphafi upphaflega textans sem þýða á er fall og útskúfun. (201-02)

Það að amfóran er brotin, og sett aftur saman, opnar hana, gerir hana móttækilega. Afbygging tungumáls hins eina skapar þýðingarnar, og um leið óþýðanleika. En glufurnar á milli brotabrotanna opnar eininguna, segir Derrida, og verður til þess að hún tekur á móti og gefur af sér.

Fullyrðing Derrida „Ef á milli þýdds texta og þýðandi texta er að finna tengsl „frumtexta“ og þýðingar, geta þau ekki verið af toga *staðgöngu* eða *endurgerðar*. Þýðing er hvorki mynd né afrit“ (194) bergmálar í hugtakinu *rísóm* sem heimspekingarnar Gilles Deleuze og Felix Guattari þróuðu saman í verkinu *Capitalisme et schizophrénie*. Rísóm (sem yfirleitt er talað um sem jarðstöngul eða rótarflækju á íslensku) er myndhverfing fyrir óendanlega tengimöguleika menningar, tungumáls og hugsunar. Inngangskafli fyrra bindis bókarinnar er helgaður hugtakinu þar sem tvíeykið flakkar vítt og breitt um þá merkingu sem þeir leggja í það.⁴²

Rísómið er and-ættfræði, segja Deleuze og Guattari, þar sem ættfræðin tekur sér tréð til fyrirmyndar. „Tréð eða rótin vekur upp dapra mynd af hugsuninni, sem hermir stöðugt eftir mergðinni út frá æðri einingu, miðju eða lið,“ segja þeir og tefla því rísóminu gegn gagnrýnislausri eftirlíkingu (39). Rísómið stendur fyrir fjölræði og sköpun á meðan trérótin er alsráðandi og drepur út frá sér. Rísómið er móttækilegt og tekur stöðugt breytingum: „Það má rífa það eða snúa því við, það getur lagað sig að klippingum og skeytingum af öllum gerðum,

⁴² Hér er stuðst við íslenska þýðingu inngangskafans í 7. Atviksbókinni *Heimspeki verðandimmar: Rísóm, sifjar og innrætt siðferði*, þýð. Hjörleifur Sveinsson (Reykjavík: Reykjavíkúrákademían, 2002). Héðan í frá verður vísað til þessa rits með blaðsíðutali innan sviga í meginmáli.

einstaklingar, hópar eða samfélagsform geta tekið til við að breyta því.“ (32). Það felur ekki í sér endurframleiðslu, segja þeir, líkt og trémyndin, heldur snýst það um möguleika og flæði, á meðan rökvisi trésins, rótarinnar, er línuleg og takmörkuð. Rísómið er opið og móttækilegt fyrir tengingum og þeim breytingum sem síbreytilegt tengslakerfið er undirorpið. Hið einstaka, sem einangrar sig og útilokar, vîkur fyrir mögulegum tengingum og skyldleika. Rísóminu er ætlað að afbyggja stofnanavæðingu og miðstýringu, það stríðir gegn stöðnun.

Þeir tengja bókmenntir, eða *bókina*, við rísómið snemma í greininni, segja hana, þvert á rôtgróna trú, ekki vera ímynd heimsins: „Ásamt heiminum myndar hún rísóm. Þróun bókar og heims er ósamhliða, þar sem bókin tryggir afsvæðingu heimsins, en heimurinn framkvæmir endursvæðingu bókarinnar, sem fyrir sitt leyti afsvæðir sjálfa sig í sjálfri sér, í heiminum (megni hún það).“ (29) Afsvæðing er hugtak sem notað hefur verið til að lýsa því hvernig tengsl milli menninga og staða hafa trosnað upp í því ferli sem hnattvæðingin hefur haft í för með sér. Aukin hreyfanleiki menningar sem orðið hefur vegna sífellt meiri fólksflutninga og tilkomu samskiptamiðla eins og internetsins hefur haft þau áhrif að tími og rúm hafa ekki eins heftandi áhrif á flæði menningar og áður. Þessi síaukni hreyfanleiki veldur því að ólíkar menningar eiga meiri möguleika á að komast í tæri við hvor aðra og haft víxlverkandi áhrif. Mögulega er hægt að fella ferli afsvæðingar og endursvæðingar, eins og Deleuze og Guattari lýsa því, að þýðingum; ef þýðing er ekki andlaus eftirlíking heldur kort, vettvangur sem knýr áfram endurnýjun frumtextans í gegnum óhlutbundna samsvörun og ummyndanir, þá má líta svo á að þar fari fram afsvæðing frumtexta sem endursvæðir sig í þýðingunni.

Afhverju ættu ekki ferli afsvæðingar og endursvæðingar að vísa hvor í aðra, vera stöðugt samofnar, hverfðar hvor um aðra? Brönugrasið afsvæðir er það tekur á sig mynd, eftirmynd af vespu; en vespan endursvæðir sig á þeirri mynd. Vespan er engu að síður afsvædd, verðandi sjálf hluti af æxlunarfæri brönugrassins. En samtímis endursvæðir hún brönugrasið með því að flytja frjókon þess á milli staða. Vespan og brönugrasið mynda rísóm, að svo miklu leyti sem þau eru misleit. Segja mætti að brönugrasið hermi eftir vespunni þar sem að endurframleiðir mynd hennar á merkingarbæran hátt (eftirhermun [*mimesis*], hermun, agn o.s.frv.). [...] Á sama tíma snýst þetta um allt annað: Ekki lengur um eftirlíkingu, heldur um að fanga kóða, gildisauka kóðans, aukningu gildistölunnar, um alvöru verðandi vespun brönugrassins, brönugrösun vespunnar, en hver verðandi tryggir afsvæðingu einnar af þessum breytum og endursvæðingu hinnar, verðandirnar tvær hlekkja sig saman og leysa hvor aðra af í kraftahringrás sem eykur sífellt á afsvæðinguna. (27)

Þarna er um að ræða þann *verðanda* tungumáls sem opinberast í þýðingarferlinu; gildisaukningu sem á sér stað í tengslamyndun tveggja misleitra kerfa, endurmörkun *vensla*

tungumálanna. Þýðingar mega ekki fylgja rökvísi trésins, því hún er, líkt og Deleuze og Guattari segja „rökvísi afritsins og endurframleiðslunnar.“ (31). Rísómið, og hér komum við inn á áður nefnda fullyrðingu Derrida, er allt öðruvísi:

„Það er kort en ekki afrit. Gerum kort en ekki afrit. Brönugrasið endurframleiðir ekki afrit af vespunni, heldur myndar með henni kort innan rísóms. Ef kortið er andstæða afritsins, er það vegna þess að það beinist að tilraunastarfsemi sem heldur sig fast við veruleikann. kortið endurframleiðir ekki ómeðvitund sem lykst um sjálfa sig heldur býr hana til. Það styður samtengingu sviða, lausn líffæralausra líkama undan höftum og hámarksútbreiðslu þeirra á þéttleikasviði.“ (32)

Í „Verkefni þýðandans“ segir Benjamin að „Auk skilaboðanna býr í öllu tungumáli og yrðingum þess eitthvað sem ekki verður komið til skila, eitthvað táknaði eða táknað, allt eftir því í hvaða samhengi það fyrirfinnst í. Táknaði einungis í endanlegum yrðingum tungumálsins; en táknað hinsvegar í verðandi tungumálanna sjálfra. Og það sem leitast er við að tjá sig, raungera sig, í verðandi tungumálanna, það er umræddur kjarni hins hreina máls.“ (197-198). Það eru þessar ummyndanir, „verðandi tungumálanna“, sem draga fram atriði frumtextans, sem annars væru dulin, skýra þau á meðan önnur sem eru greinileg í frumtextanum falla í skuggann í marktöxtanum. Þetta er hið skapandi eðli þýðinga (sem felur þó ekki í sér að þýðandinn taki sér skáldaleyfi), þar sem tilfærslur innan hnitakerfis tungumála og menningarheima færa frumverkið annað samhengi, sögulegt og menningarlegt, og opnar það þar af leiðandi fyrir nýjum merkingaraukum.

Þýðingarfræðingurinn Michael Cronin fjallar um hugtökin óumbreytanleg faröld (e. immutable mobiles) og breytanleg faröld (e. mutable mobiles) í bókinni *Translation and Identity* og fellir þau að þýðingum. Hann segir einfaldar staðreyndir vera dæmi um óbreytanleg faröld, þar sem þær eru háðar stöðugleika og formfestu ef skiljanleiki þeirra á að haldast við flutning milli svæða. Andstæða óbreytanlega faraldsins er hið breytanlega farald, það sem ekki er undir fastri formgerð komið til að þjóna hlutverki sínu. Cronin tekur hina simbabísku vatnspumpu (e. Zimbabwe bush pump) sem dæmi um breytanlegt farald, en velgengi hennar rekur hann til þess að hún er breytileg á milli þorpa: „Hlutar brotna af og öðrum er bætt við, umgjörð hennar er breytileg milli þorpa.“⁴³ Það er ekkert fastmótað kerfi sem heldur pumpunni við og erfitt er halda öllum einingum pumpunnar á sínum stað þegar hún er flutt á milli svæða. Lögun pumpunnar breytist en þrátt fyrir það er hún áfram

⁴³ Michael Cronin, *Translation and Identity* (London og New York: Routledge, 2006), bls. 27: „Bits break off and other bits are added on, the set-up varies from one village to the next.“

þekkjanleg sem vatnspumpa og virkar sem slík. Hún hreyfist á milli staða, ekki vegna þess að form hennar og samsetning er óbifanleg, segir Cronin, heldur vegna þess að hún er flæðandi: „Rýmið sem hluturinn ferðast í gegnum er fljótandi, það er að segja það er rými þar sem tengin sem halda hlutum saman breytast smám saman og stigvaxandi (pörtum er bætt við, partar brotna af), sem þýðir að hluturinn er bæði samur (þekkjanlegur sem vatnspumpa) og frábrugðin (formið breytist á milli þorpa)“.⁴⁴ Cronin bendir á að líkindin á milli hugtaksins og þýðinga séu augljós; þýðingar verði að tjá mismun og líkindi á sama tíma. Þessi flæðandi eiginleiki varpar nýju ljósi á nafnskipta-eiginleika þýðinga, segir Cronin. Þýðandinn dvelur við ákveðin atriði sem hann varðveitir og flytur úr frumtextanum yfir í þýðinguna á meðan hann lítur framhjá öðrum, viljandi eða ómeðvitað. Þýðingin felur því í sér eðli nafnskipta þar sem einstakir hlutar og þættir frumtextans standa fyrir heildina. Ástráður Eysteinnsson hefur einnig bent á að í þýðingum sé heppilegra að ræða um net ákvarðana fremur en línulaga ferli. Þar sem leitin að jafngildi milli frumtexta og þýðinga feli það í sér að þýðandinn þurfi að sjá fyrir sér net sem liggur um allan textann áður en hann geti tekið endanlega ákvörðun um einstök atriði.⁴⁵ Þar dregur hann upp mynd sem minnir óneitanlega á rísóm Deleuze og Guattari.

⁴⁴ Sama rit, bls. 27: „The version of space through which the object moves is a fluid one, namely one where the connections holding the object change gradually and incrementally (bits are added on, bits break off), which means that the object is both the same (recognizable as the bush pump) and different (configuration changes from village to village).“

⁴⁵ *Tvímaeli*, bls. 111.

II.I Söguleiki þýðinga og flökkulíf

Þýðing er ekki hlutlaus eftirlíking frumtexta, heldur sögulegt ferli sem er einstaklega öflugt og frjótt, eins og Benjamin segir í „Verkefni þýðandans“ (190), en það er þessi sögulegi eiginleiki þýðinga sem gerir þeim kleift að blása nýju lífi í bókmenntir. Ef litið er til annarra skrifa Benjamins, öðlast þýðingar hér nýja vídd.

Benjamin gagnrýndi sögulega framfarahyggju, þar sem litið er á framvindu sögunnar sem línulega framrás framfara, í bókinni *Das Passagen-Werk*, gríðarlega umfangsmiklu verki sem honum tókst ekki að ljúka áður en hann lést. Í bókinni má sjá hvar Benjamin afneitar hugmyndinni um línulega framför eins og hún leggur sig, hvort sem hún snýr að framrás mannkynssögunnar eða einhvers annars.⁴⁶ Benjamin lítur svo á að hugsun sem aðhyllist þessa línulegu framfarahyggju tapi mætti sínum til þess að gagnrýna, þar sem hún tekur framförum sem gefnu sjálfvirku ferli.⁴⁷ Hann taldi vænlegra að nálgast söguna útfrá annars konar aðferð, sem tekur ekki mið af línulegri framrás framfara heldur gefur sér það að sagan er brotakennd, þar sem hvert einstakt brot öðlast ekki merkingu fyrr en það er sett í samhengi við heildarmyndina.

Víðsvegar í skrifum Benjamins skýtur *stjörnumerkið* upp kollinum, sem verður að tákni fyrir sögulega nálgun hans, en það er í raun afbygging á beinni línu framfaranna, þar sem ásinn er brotinn upp, tvístraður og dreifður, og sögulegir atburðir mynda punkta í hnitakerfi sem bjóða upp á tengingar sem eru ekki háðar tímaröð þeirra. Þessi hugmynd gekk í endurnýjun lífdaga þegar póstmódernisminn ruddi sér til rúms sem fræðigreinin, og ljóst er að hugmyndir Deleuze og Guattari um *rísómið* eru skyldar *stjörnumerki* Benjamins.

Ástráður Eysteinnson bendir á að meðferð Benjamins á þýðingarhugtakinu sem lífræns fyrirbæris krefjist þess að litið sé á það sem sögulegt form: „Því lífshugtakið er máttvana nema líf sé ætlað öllu sem á sér sögu, jafnvel þegar enginn er viðstaddur sem getur borið þeirri sögu vitni.“⁴⁸ Ef þýðingar búa yfir lífi þá búa þær að auki yfir sögulegum mætti, geta blásið nýju lífi í löngu liðna sköpun með því að færa hana til í hnitakerfi tungumálanna. Bókmenntafræðingurinn Paul De Man hefur einnig tekið til umfjöllunar þetta sögulega eðli sem Benjamin ljær þýðingum, en hann bendir á að í umfjöllun Benjamins verða til ákveðin líkindi milli heimspeki og þýðingar, þar sem hún stýrist ekki af hermun heldur gagnrýnum samræðum. De Man segir að þýðingin frysti frumverkið, kanoníserar það að vissu

⁴⁶ Walter Benjamin, *The Arcades project*, þýð. Howard Eiland og Kevin McLaughlin (Cambridge og London: The Belknap Press of Harvard University Press, 1999).

⁴⁷ Sama rit, bls. 478

⁴⁸ *Tvímæli*, bls. 180.

marki meir í hinu nýja tungumáli heldur en í frummálinu (þar sem Benjamin segir að þýðinguna megi alls ekki þýða stöðvast textinn í vissum skilningi þar), en um leið sýnir hún fram á breytanleika þess, það er hreyfanleika eða óstöðugleika innan verksins. Það að þýða þurfi verkið sýnir að það er ekki að fullu kanóniserað; það getur ekki verið endanlegt eða fullklárað ef það krefst þýðingar, segir De Man.⁴⁹ Það að þýðingar skuli kasta nýju ljósi á eldri verk með þessu móti sýnir fram á gagnrýnina sem er fólgin í þeim.

Hvati þýðandans, sem gegnsýrir allt hans starf, er samruni allra mögulegra tungumála í eitt „sannferðugt“ mál, segir Benjamin í „Verkefni þýðandans“, en verkefni hans liggur á milli tveggja ólíkra hvata: tryggðar og frelsis (bls. 194). Benjamin gerir kröfu um orðréttu þýðingu í greininni, en De Man spyr hvernig hin orðréttu aðferð geti mögulega orðið frjáls: „Verður þýðingin að vera trygg, eða verður hún að vera frjáls? [...] Hin tryggja þýðing, sem er ávallt orðrétt, hvernig getur hún einnig verið frjáls? Hún getur einungis orðið frjáls ef hún afhjúpar óstöðugleika frumtextans.“⁵⁰ Sú hreyfing sem kemur á frumtextann í þýðingu, afkanónisering hans, er hreyfing tæringar og klofnunar segir De Man. Hreyfing hans er flökkulíf, útleð: „Það er þessi hreyfing, þetta flökkulíf tungumáls sem aldrei marki sínu, sem er ávallt uppflosnað í tengslum við það sem því er ætlað ná, það er þetta flökkulíf tungumálsins, þessi sjónhverfing lífs sem er einungis líf eftir dauða, sem Benjamin kallar mannkynssögu.“⁵¹ Það má ekki líta á söguna sem náttúrulega, vegna þess að hún er smíðuð af tungumálinu, sem aldrei nær að fanga endanlega merkingu eða sannleika sem bein lína framfaranna ætlar sér að enda í.

Hér vil ég snúa mér að þessu flökkulífi tungumála og þá um leið einnig menningar í heild sinni. Karabíska skáldið og fræðimaðurinn Édouard Glissant hefur beitt fyrir sig rísóminu til að greina menningu útfrá möguleikum hennar til að þróast í gegnum myndun rísómskra tenginga og hreyfanleika hennar eða flökkulífs.⁵² Kenningar hans eru sprottnar upp af þeirri afsvæðingu sem varð á afrískum tungumálum og menningu vegna þrælaverslunar heimsveldanna, þegar Afríkubúar voru hnepttir í ánauð og tvístrað um heiminn. Glissant nálgast menningu útfrá þessari útleð blökkumanna, tilveru án fastra róta, með vísunum í rísómið sem leggur áherslu á hreyfanleika og vöxt sem gerir ekki ráð fyrir alræði einnar

⁴⁹ Paul De Man, „Conclusions: Walter Benjamin’s “The Task of the Translator”“, *Resistance to Theory* (Manchester: Manchester University Press, 1987), bls. 73-94, hér bls. 82.

⁵⁰ Sama rit, bls. 91-92: „Does the translation have to be faithful, or does it have to be free? [...] The faithful translation, which is always literal, how can it also be free? It can only be free if it reveals the instability of the original.“

⁵¹ Sama rit, bls. 92: „Now it is this motion, this errancy of language which never reaches the mark, which is always displaced in relation to what it meant to reach, it is this errancy of language, this illusion of a life that is only an afterlife, that Benjamin calls history.“

⁵² Édouard Glissant, *Poetics of Relation*, þýð. Betsy Wing (Michigan: Michigan University Press, 1997).

miðlægrar rótar. Kenningar Glissant eru fjölmennningarlegar, og útópískar sem slíkar, en skrif hans um afsvæðingu menningar, í tengslum við flökkulíf og útleð sem mögulega skapandi þættir í tilvist hennar vil ég tengja hér við umfjöllun mína um verðandi tungumáls og menningar sem afhjúpast í þýðingum.

Fyrir tilurð nútímaþjóðríkisins var rótin ekki mikilvæg, heldur hreyfanleiki, en Glissant bendir á að flest Vesturlönd hafi orðið til í kringum hugmyndina um einráða rót, sem Deleuze og Guattari stefndu svo rísóminu gegn. Glissant vill snúa aftur til þeirrar hugmyndafræði sem vegsamar hreyfingu og flökkulíf: „Í þessu samhengi getur uppræting miðað að sjálfsmýnd, og útleð orðið gagnleg, þegar upplifun þessara þátta leiðir að leitinni að ‚Öðrum‘ (með hringlaga hirðingjalífi) frekar en útpenslu yfirráðasvæðis (vigurlíkt hirðingjalíf). Ímyndun heildarinnar opnar fyrir krókaleiðir sem liggja burt frá hvers kyns alræði.“⁵³ Flökkulíf stafar ekki af afneitun eða vonbrigðum sem varða hnignun einhvers upprunalegs ástands, eða miðlægrar rótar, segir Glissant, heldur margþættu sambandi við Annan, í gegnum rísómið.

Glissant bendir á að flestar þær þjóðir sem öðluðust sjálfstæði undan nýlenduherum sínum hafi sameinast í kringum hugmyndina um hinn sérstæða rótfasta uppruna, og tóku þar af leiðandi upp þá hugmyndafræði sem beitt var af herraþjóðunum; mín rót er sterkari en þín. Ísland er dæmi um slíkt, en eins og áður hefur komið fram hér í ritgerðinni þá er sú þjóðarsjálfsmýnd sem Íslendingar smíðuðu í sjálfstæðisbaráttunni byggð í kringum hugmyndina um einstakan uppruna, sem sagt einráða rót sem drepur út frá sér og einangrar. Hann bendir á að í þeim bókmenntum sem helst hafa mótað samfélög er fólgin gríðarmikil þversögn þar sem þær fjalli oft en ekki um útleð og flökkulíf:

[...] þær miklu bækur sem samfélög hafa orðið til í kringum, Gamla testamentið, Ódyseifskviða, kappakvæðin, Íslendingasögurnar, Eneasarkviða, eða hinn epíski skáldskapur Afríku, fjölluðu allar um útleð og oft um flökkulíf. Þessar epísku bókmenntir bera vott um undraverða fyrirboða. Þær segja sögur af samfélögum, en í þeim er fjallað um augljós mistök samfélaga eða í öllu falli þegar stigið er fram úr þeim, þær segja frá freistingu flökkulífsins (löngun til að snúast gegn rótinni), og tíðrar upplifunar þess.⁵⁴

⁵³ Sama rit, bls. 18: „In this context uprooting can work toward identity, and exile can be seen as beneficial, when these are experienced as a search for the Other (through circular nomadism) rather than as an expansion of territory (an arrowlike nomadism). Totality’s imaginary allows the detours that lead away from anything totalitarian.“

⁵⁴ Sama rit, bls. 15: „[...] the great founding books of communities, the Old Testament, the Iliad, the Odyssey, the Chansons de Geste, the Icelandic Sagas, the Aeneid, or the African epics, were all books about exile and often about errantry. This epic literature is amazingly prophetic. It tells of the community, but, through relating the community’s apparent failure or in any case its being surpassed, it tells of errantry as a temptation (the desire to go against the root) and, frequently, actually experienced.“

Það er augljóst að túlkun Glissant á Íslendingasögunum er töluvert frábrugðin hinni rómantísku þýðingu íslenskra þjóðernissinna sjálfstæðisbaráttunnar. Í Íslendingasögunum greinir Glissant undirliggjandi óvæð, upphaf einhvers sem er lítið skylt kreddum og alræðiskenndri fullvissu; sögurnar eru þvert á móti upphafning á flökkulífi, að komast handan rótfestunnar og óbifanleika sem framrás línulegrar söguhyggju krefst.

Ef við lítum aftur til þrískiptingar sögu Íslands í gullöld, niðurlægingartímabil og endurreisn, útfrá þessum hugmyndum um rísómskt flökkulíf, ekki rótarinnar, þá má lesa sögu landsins á annan hátt heldur en þjóðernisrómantík ætlast til. Niðurlægingartímabil Íslands, samkvæmt söguskoðun þjóðernissinna, hófst um leið og Íslendingar misstu sjálfstæði sitt, þegar Gamli sáttmáli var undirritaður árið 1262 og þjóðin gekk undir vald Noregskonungs. Hnignun íslenskrar menningar á því að hafa haldist í hendur við sjálfstæðismissinn og valdbeitingu erlendrar þjóðar, en ef við stöldrum ekki við árið 1262 heldur færum okkur fram á miðja fjórtánda öld má öðlast annað sjónarhorn á þetta skeið í sögu Íslands. Fram að árunum 1348-1350 áttu Íslendingar sameiginlegt tungumál, það er norrænu, með öðrum Norðurlöndum á meginlandi Evrópu. Þetta sameiginlega tungumál myndaði á vissan hátt brú frá Íslandi til Evrópu, en þegar svartidauði skall þar á árin 1348-1350 varð þessi brú að engu. Plágan hafði geigvænleg áhrif á skrifandi stétt manna í Noregi, þar sem hún dó nánast út, og varð til þess að ritmál Noregs tók gríðarmiklum breytingum, á sama tíma einangraðist Ísland frá meginlandinu með fækkandi ferðum milli landanna. Á einungis tveimur öldum urðu íslensku handritin, sem notið höfðu vinsælda hjá norsku hirðinni fyrir pláguna, óskiljanleg og þurftu á þýðingum að halda til að merking þeirra skilaði sér.⁵⁵ Niðurlægingskeið Íslendinga má með þessu tengja við einangrun Íslands frá málsamfélagi Evrópu, ekki bara sjálfstæðismissi. Það er erfitt að líta framhjá því að á meðan á gullöld Íslendinga stóð brúaði

⁵⁵ *The Nordic Languages: An International Handbook of the History of the North Germanic Languages: 1*, ritstj. Oskar Bandle, Lennart Elmevik og Gun Widmark (Berlin: Mouton de Gruyter, 2002), bls. 35 til 36.

Sagnfræðingurinn Óskar Guðmundsson hefur bent á þetta rof sem varð milli Íslands og annarra Norðurlanda í formála sínum að ævisögu Snorra Sturlusonar, hann segir ennfremur að freistandi sé að líta á Snorra sem heimsborgara sem nærst hafi á fjölþjóðlegri heimsmenningu:

„Snorri notaði í list sinni tungumál sem flestar þjóðir við Norður-Atlantshaf töluðu, norrænu. Íslendingar áttu tungumálið og menninguna sameiginlega sem byggði mörg lönd í Evrópu. Færa má rök fyrir því að tungumálið hafi verið sú trausta brú sem tengdi Íslendinga við evrópska menningu á fyrstu öldum byggðar í landinu.

Í íslenskubókmenntum má hvarvetna skynja spor Snorra. en eftir að hinn langi vetur skall á íslenska menningu um miðja fjórtánda öld – með einangrun þjóðarinnar frá evrópsku málsamfélagi – hljóðnaði söngur hans um hríð. Með svartadauða og falli norsku hirðarinnar sem hafði verið lesendahópur íslenskra handrita – og flutningi ríkisvaldsins til Eyrarsunds, dvínaði áhugi á norrænum menningararfi. [...] Höfðu tungumálin svo greinst og þróast að þýða varð málið til að skildist einungis tveimur öldum síðar.“ Guðmundur Óskarsson, *Snorri: Ævisaga Snorra Sturlusonar, 1179-1241* (Reykjavík: Forlagið, 2009), bls. 10-11.

menning okkar og tungumál hafsjóin milli eyjunnar og meginlands Evrópu, menningin og tungumálið þrífust ekki vegna útilokunar og sérstöðu. Það má vel líta svo á að hnignunin sem varð á Íslandi á þessu langa tímabili milli 1262 og sjálfstæðis hafi verið tilkomin vegna einangrunar, ekki einvörðungu vegna valdbeitingar nýlenduherra.

Niðurlag

Þátttaka Íslands á bókamessunni í Frankfurt er ekki útrás íslenskrar menningar, hún er ekki vigurlík (e. arrowlike) landvinningastefna, heldur dreifing menningararfs. Vissulega býður þetta tækifæri upp á stóraukna útbreiðslu íslenskra bókmennta og menningar, ekki bara í Þýskalandi heldur mögulega um heim allan, sem bætir þá væntanlega einhverjum krónum í þjóðarbúið. En ef menning þjóðarinnar skiptir í raun einhverju máli þá er nauðsynlegt að líta framhjá markaðssjónarmiðum og einbeita okkur að því hvernig hún getur þróast og dafnað, ekki í gegnum einangrun eða tilbúna sérstöðu, hvað þá innantóma markaðssetningu, heldur í gegnum samræður við umheiminn.

Rómantíska tímabilið og sjálfstæðisbaráttan festu íslenskar bókmenntir í sessi sem óbreytanleg faröld (e. immutable mobiles). Þetta hefur haft töluverð áhrif á hvernig litið er á bókmenntir þjóðarinnar, það er sem „arf“ eða „frysta innistæðu“. Það verður ekki litið framhjá því að bókmenntir hafa orðið að helstu undirstöðu íslenskrar menningar, og það er vissulega að miklu leyti rómantíkinni og sjálfstæðisbaráttunni að þakka. En það þýðir ekki að þær séu ekki háðar þeim sömu breytingum og sjálfsmýndir þjóða eru undirorpnar. Það er ekki viðeigandi að líta svo á að bókmenntir séu fullgerð útflutningsvara, því líkt og síbreytilegar þjóðarsjálfsmýndir eru þær margbrotið *verðandi* fyrirbæri. Það flókna net merkingarsköpunar sem liggur að baki þeim, og óstöðugleiki þeirra, opinberast á vissan hátt í þýðingum, en hlutverk þeirra, eins og umfjöllun mín um kenningar Walter Benjanmins og Jaques Derrida, er að endur-marka tengslin milli tungumálanna; færa bókmenntirnar inn í önnur menningarleg samhengi, sem opnar fyrir möguleika þeirra til að öðlast nýja og breytta merkingu. Íslenskar bókmenntir eru fjarri því að vera lausar við utanaðkomandi áhrif, eða „erlenda lesti og galla“ eins og Grímur Thomsen myndi væntanlega orða það.⁵⁶ Vænlegast fyrir íslenska menningu er að líta á þær mögulegu tengingar sem hún getur myndað við umheiminn, því er hugmyndafræði rísómsins svo mikilvæg, andstætt þeirri dapurlegu tilhneigingu að ræða um eignarhald menningar, sjálfstæði hennar og einangrun, með trérótina til fyrirmyndar. Íslenskar bókmenntir þurfa á lestri og túlkun að halda sem tekur mið af öðru en rótfestu og sérstæði. Líkt og Édouard Glissant hefur sýnt fram á, þá getur gests augað verið glöggt, en auknar þýðingar á íslenskum forn- og samtímabókmenntum geta opnað þennan „arf“ þjóðarinnar fyrir möguleikum á ferskum túlkunum, í krafti fjarlægðar og mismunandi menningarbakgrunna.

⁵⁶ Ástráður Eysteinnsson hefur fjallað um þau „þýðingarspor“, það er áhrif frá þýddum erlendum bókmenntum, sem íslenskar bókmenntir fela í sér í *Tvímæli*, einkum í kaflanum „Hvar eiga þýðingar heima?“, bls. 223-276.

Oft er rætt um *brúargerð* í sambandi við þýðingar, en eins og Gauti Kristmannsson hefur sagt þá getur brúin ekki falið gjána sem liggur á milli: „Þversögnin felst í því að þrátt fyrir brúargerðina vill gjáin ekki hverfa úr huga manna; hún er enn mikilvægasta landslagið á leiðinni [...]“⁵⁷. Gjáin sem myndaðist við það menningarlega rof sem varð milli Íslands og Skandinavíu getur mögulega varpað ljósi á mikilvægi þýðinga fyrir framhaldslíf íslenskra bókmennta, og menningar í heild sinni, því í þeim „öðlast líf frumtextans sína síendurnýjuðu, seinustu og víðtækustu útbreiðslu“ svo ég vitni aftur til Walter Benjamins. Líkt og Michael Cronin hefur bent á þá getur þjóð legið á ríkulegri bókmenntahefð og notið góðs af henni sjálf, en ef þjóðin er svipt þýðendum eða möguleikum á því að þýða þessa hefð yfir á önnur mál þá líður víðtækur skilningur á bókmenntaleika (e. literariness) hennar fyrir það.⁵⁸ Það er þessi gjá, fjarlægðin, sem knýr þýðingar og í raun áhuga á menningu annarra áfram, en eins og þegar hefur komið fram þá draga þýðingar fram þau undirliggjandi tengsl sem liggja á milli allra tungumála heims; á sama tíma og þær beina athygli okkar að gjánni sem skilur þjóðir að, þá vísa þær að einhvers konar heild.

Íslenskar bókmenntir hafa átt töluverðum vinsældum að fagna erlendis undanfarin ár, og mikil aukning orðið á þýddum íslenskum skáldsögum víðs vegar um heim. Tveir íslenskir rithöfundar hafa helst borið höfuð og herðar yfir aðra íslenska höfunda á alþjóðlegum vettvangi á síðustu öld og fram á þessa. Hér er um að ræða tvo herforingja í íslenskri bókmenntasögu 20. og 21. aldar: Halldór Kiljan Laxness og Arnald Indriðason, en þessir ólíku rithöfundar hafa verið þýddir yfir á tugi mála, og notið hylli og vinsælda utan landssteinanna. Verk þeirra varpa ljósi á hve mikið Ísland og Íslendingar hafa breyst á síðastliðnum hundruð árum. Þegar Halldór Laxness gefur frá sér sín fyrstu verk eru íslenskar nútímabókmenntir í fæðingu og Ísland enn nýlenda. Samanborið eru verk Arnaldar merki um þau áhrif sem nútíma- og hnattvæðing hefur haft á íslenska menningu, sem hefur orðið til þess að forsendur íslenskra bókmennta hafa gjörbreyst, sem sést í þeirri staðreynd að glæpasögur, skrifaðar eftir erlendum fyrirmyndum sem þýddar eru yfir á íslenskan veruleika, hafa orðið að vinsælustu afþreyingarbókmenntum þjóðarinnar. Þessir rithöfundar eiga það þó sameiginlegt að í verkum þeirra er ekki dregin upp fegrud mynd af landi og þjóð. Verk þeirra eru ekki „jákvæðar árangurssögur“ heldur fela þau oft en ekki í sér mikilvæga, og í senn afar ólíka, gagnrýni á Ísland og Íslendinga. Það er lýsandi fyrir andvaraleysi útrásarinnar og skort á sjálfsgagnrýni, hvernig ein þekktasta sögupersóna Laxness er túlkuð í ímyndarskýrslunni: „Íslendingar meta sjálfstæði sitt og frelsi mikils í stóru og smáu. Það er afrek sem þjóðin er

⁵⁷ Gauti Kristmannsson, „Teoría, tryggð og túlkun“, *Jón á Bægisá* 2. tbl. (1995), bls. 5-22, hér bls. 5.

⁵⁸ Cronin, bls. 123.

stolt af, að fátæk nýlenda skyldi hafa hugrekki til að berjast fyrir sjálfstæði sínu og takast að vinna það. Sjálfstæði í hugsun og hegðun einkennir einstaklinga sem í fámenninu eru mikilvægir hver á sinn hátt. Bjartur í Sumarhúsum býr hér enn í hverjum manni.⁵⁹ Í þessum (mis)lestri eru allar tennur dregnar úr þessu þekktasta verki Halldórs, lýsingu á manni sem neitar að ganga inn í nútímann, sem leggur engum öðrum lið án þess að hann sjálfur njóti góðs af og með þrjósku sinni og sjálfskipaðri einangrun stofnar sjálfum sér og öðrum í hættu.

Markmiðið þáttöku Íslendinga ábókamessunni í Frankfurt árið 2011 er að erlent sviðsljós muni víkka út til fleiri íslenskra rithöfunda og listamanna, en það hefur margsannast að íslenskur skáldskapur og listsköpun eiga erindi við heim allan. Það mikla þýðingarstarf sem þegar er hafið vegna undirbúnings fyrir þáttöku Íslendinga á bókamessunni í Frankfurt árið 2011 mun vafalaust skila sér í aukinni kynningu á íslenskum forn- og nútímabókmenntum, vonandi leiðir hún einnig til þess að íslensk menning þróist og dafni í auknum samræðum við umheiminn.

⁵⁹ *Ímynd Íslands*, bls. 28.

Viðauki: Starfsnám hjá Frankfurtar-verkefninu

Ísland verður heiðursgestur Bókamessunnar í Frankfurt árið 2011. Árið 2008 undirritaði ríkisstjórn Íslands samning, fyrir hönd þjóðarinnar, um að Ísland yrði heiðursgestur á þessari stærstu bókasýningu heims. Í framhaldi af því var skipuð nefnd sem sæti yfir skipulagi verkefnisins sem fékk nafnið „Sagenhaftes Island“. Verkefnisstjóri er Halldór Guðmundsson, rithöfundur og útgefandi, og aðstoðarverkefnisstjóri er Rakel Björnsdóttir.

Bókamessan í Frankfurt er ein stærsta bókasýning og kaupstefna í heimi. Hún rekur uppruna sinn allt að fimmhundrað ár aftur í tímann, en hún var fyrst haldin stuttu eftir að Gutenberg fann upp þá prenttækni sem gerði skilvirka fjöldaframleiðslu bóka að raunveruleika á 15. öld. Messan í núverandi mynd varð til eftir lok seinni heimsstyrjaldar árið 1949. Frá árinu 1988 hefur verið tekin fyrir ein þjóð eða málsvæði til sérstakrar kynningar á messunni, en fyrsta þjóðin til að njóta stöðu heiðursgestar var Ítalía. Eftirfarandi þjóðir hafa upp frá því hlotnast þessi heiður:

Frakkland 1989; Japan 1990; Spánn 1999; Mexíkó 1992; Holland 1993; Brasilía 1994; Austurríki 1995; Írland 1996; Portúgal 1997; Sviss 1998; Ungverjaland 1999; Póland 2000; Grikkland 2001; Litháen 2002; Rússland 2003; Arabþjóðirnar 2004; Suður-Kórea 2005; Indland 2006; katalónsk málsvæði 2007; Tyrkland 2008.

Í ár var Kína heiðursgestur, næsta ár verður tileinkað bókmenntum Argentínu, og svo er komið að Íslandi árið 2011. Eins og sést hafa margar stórþjóðir játað boðið um að gerast heiðursgestur, en minni lönd hafa einnig gert það og notið góðs af, til að mynda Holland en þátttaka þeirra hafði í för með sér mikla aukningu á þýðingum verka eftir hollenska rithöfunda, einnig má minnast á Írland og Litháen. Ísland er fyrst Norðurlanda til að verða þessa heiðurs aðnjótandi, en áhugi á norrænum bókmenntum hefur verið mikill í Þýskalandi undanfarna áratugi.

Á sýningunni gefst heiðursgestinum tækifæri til að kynna sögu sína, menningu og bókmenntir fyrir umheiminum. Þýskur bókamarkaður hefur áður reynst Íslandi gátt til annarra landa; til hins enskumælandi heims, suður á bóginn í Evrópu og einnig Asíu, og mun heiðursess Íslendinga verða til þess auka útbreiðslu íslenskra bókmennta til muna sem styrkir

þær vonandi einnig heima fyrir, þar sem við þetta opnast möguleikar íslenskra rithöfunda til aukinna tekna.

Ætlunin er ekki að kynna einungis íslenskar bókmenntir, heldur íslenska menningu almennt; tónlist, leiklist, myndlist og svo framvegis, þó bókmenntirnar myndi kjarnann í áherslum verkefnisins. Kynningin fer fram á stóru sýningarsvæði þar sem heiðursgesturinn fær sérstakan skála sem nýttur er til að kynna menningu og bókmenntir þjóðarinnar. Heiðursþjóðin er í algjörum brennidepli á sýningunni með umfangsmikilli fyrirlestra- og sýningardagskrá sem fer fram frá opnun sýningarinnar. Aðdragandi verkefnisins er einnig afar mikilvægur, en nauðsynlegt er að leggja góðan grundvöll fyrir væntanlegt þýðingar- og kynningarstarf þegar messan hefst árið 2011.

Athyglin sem heiðursgesturinn fær á sýningunni verður seint vanmetin en á henni taka rúmlega 7.000 sýningaraðilar frá 100 löndum þátt í sýningunni og kynna samtals um 400.000 bókatitla, og liðlega 300.000 gestir sækja hana. Alþjóðlegir fjölmiðlar sækja einnig sýninguna og nýta tækifærið til að fjalla um menningu og bókmenntir heiðursþjóðarinnar, sem hefur í för með sér víðtæka kynningu á höfundum og verkum þeirra í bókmenntatímaritum og fréttu- og dægurmálaþáttum. Á messunni gefst íslenskum forlögum tækifæri til myndunar á öflugum tengslaneti við mikilvægustu bókaútgefendur heims, þar sem hún er eitt helsta markaðstorg höfundarrétta og samkomustaður alþjóðlegra bókmenntamiðlara.

Til stendur að gefa út Íslendingasögurnar á þýsku í tilefni þátttökunnar, en samningar hafa þegar tekist við þýska forlagið Fischer, eitt það öflugasta þar í landi, um útgáfu á þeim árið 2011. Markmið verkefnisins er ekki einungis að styrkja útgáfu íslenskra samtímabókmennta á alþjóðlegum vettvangi heldur einnig að fylla upp í ákveðnar eyður í útgáfu eldri bókmennta þjóðarinnar á öðrum tungumálum.

Ég hóf vinnu fyrir Frankfurtar-verkefnið í febrúar árið 2009. Á fyrstu stigum verkefnisins var ákveðið að koma á fót öflugri vefsíðu, á þremur tungumálum, íslensku, ensku og þýsku, til kynningar á íslenskum bókmenntum, www.sagenhaftes-island.is. Starf mitt fólst í fyrstu að safna saman upplýsingum um íslenska rithöfunda; æviferla og ritaskrár þeirra, með áherslu á þau verk sem höfðu þegar verið þýdd og fengið dreifingu utan Íslands, og færa þær inn á heimasíðu verkefnisins. Áður en ég kom að verkefninu hafði aðstoðarverkefnisstjóri þess, Raket Björnsdóttir, haft samband við mikinn fjölda rithöfunda með beiðni um þær upplýsingar sem gætu mögulega komið að gagni við uppbyggingu höfundagagnagrunns heimasíðunnar. Fyrstu dagar vinnu minnar fóru í það að fletta í gegnum þessar upplýsingar og ná áttum áður en vefinnsetning hafðist.

Heimasíðan var hönnuð af Hugsmiðjunni með vefumsjónarkerfið Eplica í huga, en þann 23. febrúar fór ég í námskeið í vefinnsetningu hjá þeim. Kerfið er einfalt í notkun og þægilegt þar sem það krefst ekki neinnar forritunarkunnáttu; ef viðkomandi hefur tök á ritvinnsluforritinu Word og vanur almennum tölvustýrikerfum á borð við Windows ætti öll vinna við kerfið að koma að sjálfu sér. Eftir að ég hafði náð tökum á vefumsjónarkerfinu hófst ég handa við færa inn þær upplýsingar sem voru til reiðu inn á heimasíðuna. Verkið var unnið í samvinnu við bókmenntavefinn (www.bokmenntir.is) en þar var þegar að finna upplýsingar um höfunda, útgefin verk og þýðingar sem hægt var að nýta við uppbyggingu heimasíðu Sagenhaftes-Island.

Í hverjum mánuði er kastljósinu varpað á einn höfund (höfundur mánaðarins) og eina bók (bók mánaðarins), og var mér falið það verk að skrifa greinar um valinn höfund og valda bók fyrir hvern mánuð með tilheyrandi bókalestri og heimildavinnu um viðkomandi bók eða höfund. Þessir textar, líkt og allt annað efni sem birt er á síðunni, voru svo þýddir yfir á ensku og þýsku. Eftir því sem leið á vinnu mína við verkefnið tók ég einnig að mér að rita fréttir sem vörðuðu útgáfu íslenskra bókmennta á erlendum málum og helstu hræringum í íslenskum bókmenntaheimi sem gæti vakið áhuga erlendis.

Í fyrstu fór vinna mín við heimasíðuna fram heima við þar sem húsnæðismál verkefnisins voru í lausu lofti um það leyti sem starf mitt hófst. Um vorið fékk ég skrifborðsaðstöðu í Menntamálaráðuneytinu, á skrifstofu sem ég deildi með aðstoðarverkefnisstjóranum, og vann þar hluta úr degi eða fullan vinnudag eftir þörfum um sumarið. Þegar starfsnáminu lauk bauðst mér áframhaldandi vinna við verkefnið, sem ég þáði. Stuttu eftir það flutti verkefnið úr Menntamálaráðuneytinu í nýtt húsnæði í miðborg Reykjavíkur, sem það deilir nú með Bókmenntasjóði.

Heimildaskrá:

- Adorno, Theodor og Max Horkheimer, „Menningariðnaður: Upplýsing sem múgsefjun“, *Heimur kvikmyndanna*, þýð. Benedikt Hjartarson, ritstj. Guðni Elísson (Reykjavík: Forlagið, 1999), 234-271
- Auður A. Ólafsdóttir, „Ímynd Íslands, sagan menningararfurinn og hin ýmsu sjálf Íslendingins. Þjóðarsál íslenskrar samtímalistar“, *Saga: Tímarit Sögufélags* 46:2 (2008), bls. 56-85
- Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli: Þýðingar og bókmennir* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1996)
- Bandle, Oskar, Lennart Elmevik og Gun Widmark ritstj., *The Nordic Languages: An International Handbook of the History of the North Germanic Languages: 1* (Berlin: Mouton de Gruyter, 2002)
- Benjamin, Walter, *Fagurfræði og miðlun*, þýð. Ástráður Eysteinnsson (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008)
– *The Arcades project*, þýð. Howard Eiland og Kevin McLaughlin (Cambridge og London: The Belknap Press of Harvard University Press, 1999)
- Brynjólfur Pétursson, Jónas Hallgrímsson, Konráð Gíslason og Tómas Sæmundsson ritstj., *Fjölnir*, 1. árg. (1835)
- Cronin, Michael, *Translation and Identity* (London og New York: Routledge, 2006)
- Deleuze, Gilles og Felix Guattari, *Heimspeki verðandinnar: Rísóm, síffjar og innrætt siðferði*, þýð. Hjörleifur Sveinsson (Reykjavík: Reykjavíkúakademían, 2002)
- De Man, Paul, „Conclusions: Walter Benjamin’s “The Task of the Translator”“, *Resistance to Theory* (Manchester: Manchester University Press, 1987), bls. 73-94

Gauti Kristmannsson, „Teoría, tryggð og túlkun“, *Jón á Bægisá* 2. tbl. (1995), bls. 5-22

Glissant, Édouard, *Poetics of Relation*, þýð. Betsy Wing (Michigan: Michigan University Press, 1997).

Guðmundur Hálfðánarson, „Íslensk söguendurskoðun“, *Saga: Tímarit sögufélags*, 33 (1995), 62-67
– *Íslenska þjóðríkið – Uppruni og endimörk* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2001)

Guðmundur Óskarsson, *Snorri: Ævisaga Snorra Sturlusonar, 1179-1241* (Reykjavík: Forlagið, 2009)

Hall, Stuart, „Who needs Identity?“, *Questions of Cultural Identity*, ritstj. Stuart Hall og Paul Du Gay (London: Sage Publications, 1996), bls. 1-17

Jón Yngvi Jóhannesarson, „„Jøklens Storm svaledede den kulturtrætte Danmarks Pande“: Um fyrstu viðtökur dansk-íslenskra bókmennta í Danmörku“, *Skírnir* 147 (vor 2001), bls. 33-66

Ólafur Rastrick, „Menningararfur í fjölmeningarsamfélagi: Einsleitni, fjölhyggja, tvíbendni“, *Þriðja íslenska söguþingið 18.-21. maí 2006*, ritstj. Benedikt Eypórrsson og Hrafnkell Lárusson (Reykjavík: Aðstandendur Þriðja íslenska söguþingsins, 2007), bls. 333-341

Pétur Gunnarsson, „Ímynd Íslands“, *Saga: Tímarit Sögufélags*, 33 (1995), 57-62

Sigríður Matthíasdóttir, „Þjóðerni og karlmennska á Íslandi við upphaf 20. aldar“, *Þjóðerni í þúsund ár* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2003), bls. 119-132

Sumarliði Ísleifsson, *Ísland: Framandi land* (Reykjavík: Mál og menning, 1996)

Vefheimildir:

Forsætisráðuneytið:

Ímynd Íslands: Styrkur, staða og stefna (Reykjavík: Forsætisráðuneytið, 2008), bls. 4
<http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/Forsaetisr_arsskyrsla_END2.pdf>, síðast skoðað 16. des. 2009

Mennta- og menningarmálaráðuneytið:

<<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/4431>>, síðast skoðað 16. des. 2009

Morgunblaðið:

<http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2008/02/27/island_heidursgestur_bokakaupstefnunnar_i_frankfurt/>, síðast skoðað 16. des. 2009

Ríkisútvarpið:

<<http://www.ruv.is/heim/vefir/ras1/vidsja/gagnryni/store156/item139879/>>, síðast skoðað 16. des. 2009

Sagnfræðingafélag Íslands:

<<http://www.sagnfraedingafelag.net/2008/06/12/11.34.26/>>, síðast skoðað 16. des. 2009.